



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Reykjavík, 23. september 2024

SFS24060057

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðugildi á Afleysingastofu

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 10. júní 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Reykjavíkurborg starfrækir Afleysingastofu. Hversu mörg stöðugildi voru á Afleysingarstofunni árið 2023 og hver var kostnaðurinn af rekstri hennar árið 2023?

Svar:

Reykjavíkurborg kom á fót Afleysingastofu síðla árs 2018 sem hefur þann tilgang að bregðast við fyrirséðum og ófyrirséðum forföllum á starfsstöðvum borgarinnar. Með umsókn í gegnum Afleysingastofu geta einstaklingar sótt um tímabundin störf og óskað eftir sveigjanlegum vinnutíma. Stærsti hluti þeirra einstaklinga sem ráðnir hafa verið í gegnum Afleysingastofu hafa farið í störf á skóla- og frístundasviði, flestir á leikskóla borgarinnar.

Eitt stöðugildi mannauðsráðgjafa hefur sinnt Afleysingastofu ásamt öðrum verkefnum en áherslan hefur verið á eftirfarandi verkefni: úrvinnsla umsókna, taka umsækjendur í viðtal, leita umsagna og staðfesta upplýsingar um að umsækjandi sé með hreina sakaskrá, miðla umsækjendum til starfsstaða borgarinnar og tryggja samskipti milli verðandi starfsmanns og stjórnanda. Umsækjendum er svarað og ef af ráðningu verður er útbúinn ráðningarsamningur, sendur í undirritun og gögnum skilað til launaskrifstofu sem tryggir rétta launasetningu. Einnig felst í starfinu að hafa samskipti við stjórnendur og starfsfólk varðandi m.a. Vinnustund, útfyllingu Vinnustundar og rukkun til leikskóla vegna vinnuframlags starfsmannsins. Þá felur starfið í sér ýmis konar eftirfylgni og önnur samtöl.

Heildarkostnaður vegna stöðugildis mannauðsráðgjafa á Afleysingastofu er 12,8 m.kr. (laun og launatengd gjöld). Enginn annar rekstrarkostnaður er vegna Afleysingastofu þar sem viðkomandi starfsmaður tilheyrir mannauðs- og starfsumhverfissviði. Reglulega eru keyptar auglýsingar á alfred.is til að vekja athygli á lausum störfum hjá Afleysingastofu og er sá kostnaður greiddur af ramma mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Í tengslum við samþykkt borgarráðs dags. 13. júní 2023 (MSS23060087), varðandi tillögur vegna ráðningar í leikskóla Reykjavíkur, var sérstaklega samþykkt aukið fjármagn til að fara m.a. í markaðssetningu og auglýsingaherferð, alls 3,7 m.kr. Í þeirri samþykkt fólst einnig að samþykktur var aukinn stuðningur til leikskólastjóra í ýmis ráðningarmál og að mannauðsráðgjafi yrði ráðinn tímabundið í starf. Frá september til desember 2023 var kostnaðurinn vegna stöðugildisins 3,5 m.kr (laun og launatengd gjöld).



Reykjavík